



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Nefndasvið Alþingis  
V.t. efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2018.

**Efni: Umsögn KPMG ehf. um 38. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, með síðari breytingum (kennitölufلاك), á þingskjali 38.**

Samkvæmt tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 16. nóvember 2018 er KPMG ehf. (hér eftir nefnt „KPMG“) gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Af því tilefni sér KPMG ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar eru lagðar til tvær samhljóða breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, sem og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Annars vegar er lagt til að við 2. másl. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og sömu greinar laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, verði bætt við orðalagi sem felur í sér, að stofnandi einkahlutafélags, í tilviki einstaklinga, skuli ekki, á síðustu þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.

Hins vegar er lagt til að við 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, sem og 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, bætist við málsgrein sem kveður á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar mega ekki á síðustu þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.

Af greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að vilji flutningsmanna standi til þess að koma í veg fyrir kennitölufلاك, eins og hugtakið er þar skilgreint. Vísað er til þess meðal annars að ákveðin hættu kunnir að vera á því að lagabreytingar sem ætlað er að koma í veg fyrir kennitölufلاك reynist of þyngjandi fyrir atvinnulífið og hamli þar eðlilegri þróun. Þá þurfi einnig að horfa til þess að ekki sé gengið of nærri atvinnufrelsi manna sem varið er af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Ísland, nr. 33/1944, með síðari breytingum, en það sé mat flutningsmanna það sé ekki gert með þeim lagabreytingatillögum sem lagðar eru til.

KPMG telur varhugavert að sett sé bann sem felur í sér að framangreindir aðilar, eftir atvikum, stofnandi, stjórnarmaður, eða framkvæmdastjóri einkahluta- eða hlutafélags, sem hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota, á þriggja ára tímabili, geti stofnað eða verið í forsvari fyrir einkahluta- eða hlutafélag.

Í þessu sambandi er vert að nefna að nokkuð algengt er í íslensku atvinnulífi að lögmenn, lögfræðingar, sem og aðrir aðilar í íslensku atvinnulífi, taki sér sæti í stjórn, eða framkvæmdastjórn í félögum, sem hluti af eðlilegum og venjubundnum störfum viðkomandi aðila, s.s. í hlutverki sérfræðinga vegna félaga sem eru að ganga í gegnum endurskipulagningu á rekstri, eða eru í greiðsluferðileikum og hafa e.t.v. leitað úrræða laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með síðari breytingum, sem kunna að leiða til óhjákvæmilegra gjaldþrotaskipta viðkomandi félaga. Bagalegt getur verið að hefta störf viðkomandi aðila með framangreindum lagabreytingatillögum í slíkum, eða sambærilegum tilvikum.

Eins segir í frumvarpinu að gætt sé meðalhófs með framangreindum lagabreytingatillögum með þeim hætti að ekki sé horft framhjá því að eðlilegar ástæður kunni að vera fyrir gjaldþrotum fyrirtækja, á þeim grundvelli að um tiltekinn fjölda fyrirtækja sé um að ræða sem þurfi að fara í gjaldþrot yfir umrætt tímabil, svo bannið eigi við.

Í þessu sambandi telur KPMG rétt að vekja athygli á því, þrátt fyrir framangreint, að umræddar lagabreytingatillögur gera engan greinarmun á eðli þeirra ástæðna er kunna að leiða til gjaldþrotaskipta, þ.e. enginn greinarmunur er gerður annars vegar á gjaldþrotaskiptum, þar sem ásetningur forsvarsmanna félags er að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er, sem og að eignum eða réttu andvirði þeirra sé ráðstafað upp í skuldir eftir ákvæðum laga, og hins vegar gjaldþrotaskipta, þar sem ásetningur til kennitöluflakks kemur, eftir atvikum, í ljós á síðari stigum, eða er til staðar frá upphafi. KPMG telur rétt og eðlilegt að framangreindar lagabreytingatillögur taki tillit til eðli þeirra ástæðna er leiða til gjaldþrotaskipta.

Að öðru leyti tekur KPMG undir það sem segir í umræddu lagafrumvarpi um það sem kennitöluflakki getur falið í sér fyrir íslenskt samfélag, en telur engu að síður rétt að ítreka að það sé mikilvægt, með vísan til alls framangreinds, að lagabreytingar gegn kennitöluflakki reynist ekki of íþyngjandi fyrir atvinnulífið, né gangi of nærri atvinnufrelsi manna sem varið er af 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Ísland, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

**KPMG ehf.**

*Jóhann R. Teimum*  
*Stefa Ó. Stefánsdóttir*